

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

355. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins fimmtudaginn 16.10.2015, kl.07:30.

Mættir:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Guðmundur Geirdal, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestir fundarins undir lið 2 voru Auðbjörg Friðgeirsdóttir og Jón Sigurðsson frá pwc og Björg Ágústdóttir undir lið 5.

Tekið fyrir:

- 1. Lyktarmál í Álfsnesi**
Yfirverkfræðingur kynnir áfangavinnu ReSource International þar sem fram koma helstu lyktaruppsprettur og aðgerðir sem gripið hefur verið til.
- 2. Þjónustusamningur við sveitarfélögin um rekstur grenndargámakerfisins**
Framkvæmdastjóri kynnir drög að endurnýjuðum þjónustusamning við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um rekstur grenndargámakerfisins. Málið rætt. Afgreiðslu samnings frestað til næsta fundar.
- 3. Úttekt á innra eftirliti**
Kynnt niðurstöðuskýrsla innra eftirlits pwc á innra eftirliti SORPU bs. Jafnframt kynnt drög að erindisbréfi innri endurskoðunar og form fyrir sjálfsmat stjórnar. Málið rætt.
- 4. Skipurit samlagsins**
Framkvæmdastjóri kynnir drög að nýju skipuriti félagsins þar sem endurskoðunarnefnd stjórnar og innri endurskoðun hefur verið komið fyrir í skipuritinu. Málið rætt. Stjórn samþykkir nýtt skipurit.
- 5. Lóð og aðstaða Efnamóttökunnar í Gufunesi**
Kynnt áfangaskýrsla um framtíðarnotkun svæðisins sem ráðgjafafyrirtækið Alta hefur unnið. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa auglýsingu fyrir útleigu á aðstöðunni sem fellur að starfsemi og stefnu SORPU bs.
- 6. Kæra Xergy vegna útboðs á tæknilausn fyrir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi**
Lögð fram kæra ÓK Lögmannna fyrir hönd Xergy vegna þátttökutilkynningar sem barst eftir tilskilinn frest. Framkvæmdstjóra falið að koma sjónarmiðum SORPU á framfæri.
- 7. Krafa ÓK Lögmannna fyrir hönd Íslenska gámafélagsins um öll sannings- og tilboðsgögn vegna grenndargámaútboðs**
Lögð fram krafa ÓK Lögmannna fyrir hönd Íslenska gámafélagsins um öll sannings- og tilboðsgögn vegna nýafstaðins grenndargámaútboðs. Jafnframt lagður fram tölvupóstur framkvæmdastjóra Gámaþjónustunnar þar sem sjónarmið Gámaþjónustunnar koma fram. Málið rætt. Stjórn bókar eftirfarandi: Það er mat stjórnar SORPU að það sé ekki í hlutverki SORPU að afhenda samkeppnisáðilum viðkvæmar upplýsingar hvors annars eða hafa frumkvæði að slíku, þá sér í lagi gegn mótmælum lögstjórnanda í málinu, í

[Handwritten signatures and initials in blue ink]

Þessu tilfelli Gámaþjónustunnar. Það er mat stjórnar SORPU að slíkt geti raskað samkeppni og geti því verið á skjön við samkeppnislög.

8. Bréf Samkeppniseftirlitsins

Lagt fram bréf Samkeppniseftirlitsins, dagsett 6. október 2015 þar sem fjallað er um tafir sem orðið hafa á málsmeðferð kvörtunar Gámaþjónustunnar vegna afnáms afsláttá.

9. Raf- og rafeindatækjaúrgangur

Lagt fram afrit af bréfi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dagsett 28. september 2015 þar sem fram koma sjónarmið ráðuneytisins vegna útboðs SORPU á móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs.

10. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar er ákveðinn föstudaginn 13.11.2015 kl. 0730.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 10:30

Fundarritari Bjarni Hjarðar

Bjarni Tvegg
Halldór Arnór Svansson
Jóna Leudadóttir
Rannsókn
Guðni P.
Alfreinn Láruson
Ólafur A. Guðsson
Bjarni Hjarðar